

AUGLÝSING

**um breytingu á starfsreglum um prestssetur og
aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar, nr. 950/2009, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. starfsreglnanna:

- a. 2. mgr. orðast svo: Leiga af prestssetrum, þ.e. jörðum og húsum, auk hlunninda, ítaka og annarra réttinda sem prestur nýtur vegna embættis síns, skal nema 5% af fasteignamati hins leigða á ári á þeim svæðum þar sem gildistalan er 1,0 skv. reglum ríkisskattstjóra um skattamat af hlunnindum hvað varðar afnot af fasteignum, 4% á þeim svæðum þar sem gildistalan er 0,8 og 3,5% á þeim svæðum þar sem gildistalan er 0,7.
- b. 3. mgr. orðast svo: Leiga prestssetra í eigu kirkjunnar á svæðum með gildistöluna 0,8 og 0,7 skal ekki vera lægri en kr. 52.000 á mánuði og ekki hærri en kr. 108.000 og tekur sú fjárhæð breytingum árlega samkvæmt vísitölu neysluverðs. Um leigu fyrir aðrar eignir skal samið.

2. gr.

22. gr. starfsreglnanna fellur brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 24. september 2020.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 8. október 2020